

AUGLÝSING

um (5.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 1257/2018, fyrir þjónustu sérgreinalækna sem ekki hefur verið samið um.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali með gjaldskránni:

- a. Í kafla um meltingarlækna bætast við eftirfarandi gjaldskrárliðir:
 - Gj.nr. 63-020-02: Öndunarpróf vegna helicobacter pylori (Urea Breath Test - UBT), 25 einingar.
 - Gj.nr. 63-002-02: Viðtal við sjúkling, þar sem læknir les úr og túlkar niðurstöður öndunarprófs. 12 einingar.
Aðeins er heimilt að taka viðtalið með gjaldlið 63-020-02.
- b. Eftirtalinn gjaldskrárliður fellur niður:
 - Gj.nr. 63-020-01: Öndunarpróf vegna helicobacter pylori (Urea Breath Test - UBT) viðtal og úrlestur innifalinn.
- c. Í kafla um taugalækna bætist við eftirfarandi gjaldskrárliður:
 - Gj.nr. 84-030-02: ON/OFF prófun fyrir DBS (Deep-Brain-Stimulation) aðgerð, 60 einingar.
Nánari skilgeining: Prófun fyrir DBS rafskautasetningu á sjúklingi með Parkinson sjúkdóm. Tvö viðtöl, sama dag, með skoðun. Fyrra viðtal fer fram a.m.k. 12 klst. eftir að sjúklingur tók síðasta skammt Parkinson lyfja og felur í sér mat einkenna, skv. UPDRSIII-kvarða, þar sem 27 mismunandi atriði eru metin á skala 0-4. Prófunin er tekin upp á myndband. Sjúklingur tekur síðan levodopa lyf og bíður eftir hámarksáhrifum þeirra. Þá eru einkenni metin á ný, á sama hátt og í fyrra viðtalinu, með UPDRSIII-kvarða og myndband tekið. Deep-Brain-Stimulation aðgerð, ávinningur og mögulegir fylgikvillar, eru útskýrðir fyrir sjúklingi sem hluti af seinna viðtalinu.
Fyrra viðtalið tekur 60 mínútur og síðara 30 mínútur. Biðtími milli prófana er frá 1-3 klst.
Gjaldliðinn má ekki taka með öðrum gjaldliðum sama dag.

2. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskrá, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar og reglugerð nr. 1255/2018, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2022.

Sjúkratryggingum Íslands, 28. september 2022.

María Heimisdóttir.

Júlíana H. Aspelund.